Kemur út þriðja hvern laugar-dag, ekki minna, enn sex póstpapp-írs arkir í einu

Sveitablaðið

Uppsögn bundin við sumarmál gilda nema komin sé til ritnefndar fyrir 1 april

# Fjallfari.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 6 ár. | 2 blað | 4 hefti | № 8. |

Hólakoti 31 marz, 1906

# Kvöldsálmur „Fjallfara“.

Rís brádla sumar
af rústum vetrar
en hann hnígur
í haf alda
leysist fögur fold
frera böndum
gyllir gladheima
gloándi sól.

Lifnar líf
á landi og unni
kastar kvöldgola
kyrd vetrar
vída vekjandi
vorljód fögur
framleida
fuglamunnar.

En mitt eðli er
annars vegar
þoli eg ei
þessa breiting
né sumarsál
sjá glansandi
leggjast og vetri
í vana dvala

Sex hef eg vetur
verið á róli
og sumur jafnmörg
sofið í náði
á meðan störfin
margvíslegust
léðu lið
lán og gróða

Hefur mitt líf
Ljúfast verið
um vetrar stund
óþreiflega
er gekk eg milli
góðkunningja
og skemti þeim
í skammdegi

Flutti eg kvæði
og fræðigreinar
og söguknorn
segja náði
var eg því víða
velkominn gestur
á heimilum
hollvina

Eg leggst vongóður
enn til hvíldar
og örlögum mínum
aldrei kvíði

varðar þeirri von
að á næsta hausti
aptur rísi
af andra leifum.

En ef eg hníg
og aldrei lifna
er saga mín
sem á enda
sú von er mér allt
að ár nokkur
muni eg í minnum
manna geimast.

Sigurj. Jónasson

## Enn um rjómabú

Kristinn Erlendsson, ritar í síðasta tölubl. „Fjallfara“ um rjómabú, og þykir mér það undarum sæta að hann vill fara að vekja upp þann draug, sem aldrei var þó burðugur, enda býst eg við að illa gangi að blása lifandi anda í hans nasir:

En svo eg snúi mér að þessu málefni þá álít eg að ekki muni vera tiltök að stofna hér rjómabú, hvað gagnlegt sem það kann að vera, sökum kúafæðar eins og K. E. minnist líka á, en hann býst við að hægt væri að fá í félagið með sér Borgsveitunga og jafnvel Laxdæli, en eg álít hvorttveggja mjög vafasamt.

Mér finnst allar líkur til að Borg-sveitungar, að minnsta kosti af fremri bæjunum, vilji allt eins vel vera í rjómabús-félagi því, sem þegar er verið að mynda við Staðará, og að líkindum tekur til

starfa í sumar. Þó vil eg ekki fullyrða
það, að þeir hefðu ekki heldur verið í félagi
með sínum hreppsmönnum, ef bæði búin
hefðu boðið þeim hönd sína á sama tíma
en viðbúið er að þeir gangi í það félagið
sem fyr býðst ef þeir annars hafa nokkurn
áhuga fyrir málinu.

Hvað Laxdælum viðvíkur, þá horfir það
öðruvísi við, þeir eiga ekki kost á að ganga
í annað félag utanhrepps, en eg tel líklegt
að ef þeir hafa áhuga fyrir þessu máli, þá
mundu þeir heldur stofna rjómabú í
sínum hrepp á þeim stað sem flestir
hreppsbúar gætu notað það, en um það finnst
mér engum geta blandast hugur, að illmög-
legt er fyrir aðra úr Skefilstaðahrepp að
sækja að rjómabúi við Hraksíðuá en aðeins
úr Laxárdalnum, og finnst mér það þó full-
stíft utan frá Sævarlandi.

Eptir því sem að framan er sagt, álít
eg mjög vafasamt að við fengjum umgetna
hreppsparta í félag við okkur.
Menn geta nú sagt að þessi efi, hafi við
engin rök að styðjast, og sé sleginn fram
fullvissulaust; það getur satt verið, en
minnst gerir til þó þessi efi sé hafður
með, í umræðum málsins.

En þó allt gengi nú vel, og hægt yrði:
að stofna rjómabú með hundrað kúm
eða kúgildum, þá er eg alltaf vantrúaður á
það, að það borgi sig í raun og veru
og er líka málinu svo ókunnugur; það sem
eg veit með vissu er þetta: Fyrst þarf að
taka lán þar næst, byggja hús kaupa smjör-
gerðaráhöld, ráða bústýru, mjólkurpósta
o. fl. o. fl. Allt þetta skilst mér að
kosti peninga, og þá mikla jafnvel svo
þúsundum skiptir fyrsta ár.

En þegar svo þessi rjómabúsfélög tala

um smjörverdið 80 aura, ~~að~~ frádregnum (mundi ég) öllum kostnaði; þá vil ég spyrja, sem hver sá er ekki veit: Hvað kalla þau „að frádregnum öllum kostnaði“? Er það verulega að frádregnum öllum þess-um kostnaði sem ég taldi upp áðan, n.l. Afborgun af láni, kaupi starfsmanna kostnaði við keskabrúkun, ómök félags-manna, útflutning smjörs. o.fl.

Sé smjörverðið 80 aurar pd að öllu þessu frádregnu, þá er vel að verið, en sé það ekki þá er munurinn sannarlega lítill, þar eð smjörverð er alltaf að hækka innanlands því vafalaust má fá fyrir það allt að 70 aur. pd nú sem stendur.

Enda ég svo línur þessar með þeirri ósk, að þeir sem fróðari eru um þetta mál gefi skýringar um fyrirkomulag búanna því ég get ímyndað mér að fleiri lesendur Fjallk. sem að einhverjuleiti eins og ég ófróðir um þetta mál

Ekkert gjörir það til þó þessar upplýsingar komi ekki fyr en að vetri, því rjómabú verður sjálfsagt ekki stofnsett hér hvort sem er, á þessu næsta sumri til þess er tíminn tapaður. — —

Sigurj. Jónasson

# Draumur

(Smásaga)

Það var eitt sinn ung og fríð stúlka í smábæ einum á Frakklandi. Einhverju sinni komu þrír menn að biðja hennar, rétt áður hafði hana dreymt ungann mann með stráhatt og gleraugu sem henni þótti vera mannsefnið sitt. Hún sagði því foreldrum sínum afdráttar laust, að hún gæfi öllum biðlunum afsvar

Nokkru síðar var Émile ritstjóri stórblaðsins Le Siècle sem kemur út í París, á skemmtiför með kunningj[a] sínum. Þeir komu í bæ þann sem stúlkan átti heima í, dvöldu þar lítið eitt og fóru á dansleik sem verið var að halda. Émile var í ferðafötum sínum með stráhatt og gleraugu; Hann hafði aldrei komið þar fyrri.

Unga stúlkan sem fyr er getið, var stödd á dansleiknum, og þekkti undir eins manns efnið sitt, sem hana hafði dreymt og þau giftust nokkrum mánuðum síðar.

---

## Nöðrubit

(Sönnsaga)

Kerling ein sem spáði með spilum, hafði spáð því fyrir manni nokkrum að hann mundi bíða bana af nöðrubiti

Hann var embættismaður. Honum hafði verið boðið hátt embætti á eynni Marteinque, enn af því að þar er svo mikið af höggormum, þorði hann ekki að fara þangað. Landstjórinn á eynni Guadeloupe fékk þá talið hann til að fá embætti á þeirri ey, því þar voru engar eiturnöðrur.

Þá er hann hafði dvalið alllengi á eyju þessari fór hann heim til Frakklands Einskipið sem hann fór með, kom við á eynni Martinegue, eins og venja var til en hann varaðist að fara í land. Menn komu út á skipið til að selja ávexti. Af því að hann var þyrstur tók hann sér eina appelsínu úr körfu en rak þá upp hátt hljóð; hann var bitinn af ormi sem falist hafði í körfunni, og hann dó af bitinu nokkrum klukkustundum síðar.

# Spáð í kaffikorg
(smásaga)

Einhverju sinni hafði verið stolið 3500 frönkum frá, frú nokkurri í París. Hún skýrði lögreglunni frá þessu, og var þegar gjör rannsókn í málinu og heimilisfólkið yfirheyrt, en ekkert komst upp. Hún hafði þó tekið það fram að engan grun mætti láta falla á herbergisþjón hennar 19 ára pilt, sem leit vel út, og reyndist henni dyggur, hann var alltaf kallaður „Dvergurinn" ekki af því að hann væri lítill vexti heldur af því að öllum þótti vænt um hann.

Um þessar mundir fór mikið orð af ungfrú E., sem var þar í nágrenninu og hafði lagt það í vana sinn að spá í kaffikorg. Ein af vinstúlkum hennar fór heim til hennar, til að forvitnast um, hvort hún gæti ekki sagt hver stolið hefði frá frúnni.

Spákonan lýsti herbergjunum og heimilisfólkinu hjá frúnni, en ekki kvaðst hún geta sagt, hver stolið hefði, en hann mundi verða hálshöggvinn innan tveggja ára. Skömmu síðar hvarf „Dvergurinn" en tveim árum síðar var hann hálshögginn og var þá orðinn alkunnur glæpamaður.

## Smásaga

Englendingur sinn kvæntist auðugri ekkju, til fjár. Ekki varð honum mikið um, er hann fann að annar fóturinn á henni var tréfótur; hann brá við undir eins, og keypti sér brunabótaábyrgð á henni.

# Margt smátt gjörir eitt stórt

Það er eptirtektavert, ef að því er gáð hversu mikið fje getur safnast, af lítillri peningaupphæð, ef hún er lögð fyrir og látin ávaxtast; það er svo stórkostlegt að maður getur varla trúað því í fljótu bragði; t.d.: að ein króna með 4 % rentu skuli að öld liðinni vera orðin að 100 Kr.

Hvað mega ekki bæði ég og aðrir hugsa við athugun þessa; margri krónunni kastar maður frá sér í hugsunarleysi og fyrir óþarfa og segir sem svo: „Hvað munar mig um eina Kr." eða „Ég held ég sé jafnfátækur fyrir eina Kr."

En hve stór upphæð yrði ekki allar þær mörgu krónur sem við köstum þannig úti loptið í hugsunarleysi, ef þær væru settar á vöxtu; mundu ekki slíkar upphæðir geta komið ótal mörgu góðu til leiðar meðal afkomenda vorra.

Hversu fegnir hefðum við ekki verið hefðu feður vorir eptirlátið okkur þvílíka sjóði, þó aldrei nema þeir hefðu verið þeim böndum bundnir að ekki hefði mátt eyða nema vöxtum þeirra eða eitthvað þessháttar. En um það er ekki til neins að fást; heldur væri nær að reyna að byggja slíka undirstöðu sjálfur ef hægt væri.

Ég tala þetta einkum til hinna yngri manna og uppvaxandi kynslóðar, því varla er von að þeir sem þegar hafa fyrir konu og börnum að sjá, að þeir geti komið þessu í verk, en hinum ætti það engin ofætlun að vera, að leggja fyrir 1–2 krónur á ári og mynda þannig óparlótum sjóð, annaðhvort sér sjálfum til styrktar á elli árum, eða afkomendum sínum til gagns, og er samþarðar um

það að enginn finnur til þess efnalega og meira að segja það verður Gift þegar maðurinn fer að venjast því. —

þessu mun enginn með sanni ýsni
geta neitað.
Til gamans og skýringar þessu máli
set eg hér nokkrar vísur er eg gerði
um þetta efni fyrir stuttu.

Hér og greina greiðast fer
geim í leyndum sefa
Króna ein hve okrar hér
ávöxt hreinan gefa

Hún ef lánt er leigu á
laufa mentu þórum
ekki klént hún aukast má
af prósentum fjórum

Liðin því við átján ár
aðra nýja fæðir
fimmtíu og níu er hverfa klár
krónur tíu græðir

Þróast gjaldið þá í vil
þundi skjalda betur
hún um aldar heillrar bil
hundrað faldast getur

Úr því mundir áðum ver
er fram stundin líður
ár við hundrað sjötíu og sex
í sjóð þúsundin bíður

Fjórða öld þá fimmtíu og tveim
fjölgar töldum árum
milljón földum safnar sem
sú með gjöldum klárum

Forðu sið af þessu þá
er þjóð á gleður frónum
auka féð og afrek ná
einir meður kránu.

Sigurj. Jónasson

## Svör uppá spurningar í 6 tölubl Fjallfara þessa árs

1

Það er kunnugt, að hlutir þenjast út við upphitun, en dragast saman aptur og minka við kólingu.
Vatnið er þó mjög mikilsverð undantekning frá þessari reglu; þó það reyndar fylgi henni að nokkru leyti. Þegar það er kalt dregst það saman (verður fyrirferðar minna) þangað til það er orðið hérum bil 4° gráðu heitt á Celsíus, en sé kólinguni haldið áfram lengra fer það upp frá því aptur að þenjast út, og heldur því áfram unz það frýs, en mest gætir þenslunnar einmitt um leið og það frýs, og nemur það hérum bil einum tíunda = 1/10 – af rúmmáli þess. Sé ísinn svo kaldur enn meir, dregst hann aptur saman og fer eptir reglunni. Vatnið er þá þétt ast; hefur minnst rúmmál við 4 gráðu hita á Celsíus hitamæli, en þenst út þegar þessum hita sleppir, hvort heldur það er hitað eða kælt.
Þegar vatn breytist í gufu, vex rúmmál þess afskaplega, og verður þá hérum bil 1600 sinnum meira fyrirferðar.

2

Ís er léttari en vatn af því að vatnið þenst út um leið og það breytist í ís. 1 pottur af 4° heitu vatni

vegur hérumbil 2 pund, sé þetta vatn kalt verður það meira fyrirferðar, og þá vegur potturinn minna en 2 pund.

Um leið og það frýs, verður það enn meira fyrirferðar en léttara í sér, 1 pottur af ís vegur hérumbil 183 kvint.

Enn léttari er snjórinn samt, en nokkuð fer það eftir því hve snjókornin eru stór og hve mikill loptkuldinn er. Það lætur nærri að snjór sé 10 sinnum léttari en vatn

3

Þess var getið hér að framan í fyrsta svarinu að vatnið er fyrirferðarminnst og þyngst, þegar það er + 4° C. Þegar veður fer að kólna á haustin, kólnar vatnið fyrst á yfirborðinu, og heldur því áfram, unz hitinn á yfirborðinu er + 4° C en þegar svo er komið sökkur þetta vatn til botns, af því að það er þyngra en hið heitara vatnið sem undir er, en í stað

þess lendir þetta heitara vatn á yfirborðinu kólnar þar unz það er + 4° C sökkur svo og svona gengur það koll af kolli þar til allt vatnið er + 4° C.

Þegar hér er komið kólnar vatnið á yfirborðinu enn meir, og þetta vatn þenst út (og léttist) leitar því ekki á djúpið, en heldur sér á yfirborðinu. Þegar kælingin eykst enn, leggur vatnið á yfirborðinu, verður þá ísbreiðan nokkurskonar hlífiskjöldur, fyrir vatnið undir niðri, sem ekki nær að frjósa nema kælingin komist í gegnum ísbreiðuna, og gengur það seint og hægt, og botnfrýs vatnið því aðeins, að grunnt sé, eða langvinnar gaddhörkur gangi. Þess skal getið, að stundum er ísmyndunin nokkuð frábrugðin því sem hér er sagt, er það einkum í ám með grýttum botni þar myndast stundum svonefndur botnís, ísbreiða á botninum sem stundum losnar upp og getur tekið

með sér steina úr botninum. Ekki vita menn með vissu hvernig á þessu stendur en helst ímynda menn sér að frosvegurinn (botninn) kólni einhvernveginn venju fremur en vant er um það að vatnið verður alltaf að vera neðri frostmarki, því að öðrum kosti mundi hið kalda vatn við botninn leita upp á við. — — —

4

Í vatninu eru 2 frumefni: súrefni og vatnsefni. Við mikinn hita aðgreinast þessi frumefni í vatninu, ~~súr~~ vatnsefnið er mjög eldfimt; þessvegna er betra að væta steinkol og ofnkol, áður en þau eru látin í eld, vatnið aðgreinist þá í súrefni og vatnsefni og æsir eldinn; en auðvitað má vatnið ekki vera mikið í kolunum.

Af sömu ástæðu getur það orðið fremur til ógagns að hella vatni á eld ef hann* er mikill en vatnið lítið.

B. S.

# + Sitt lýzt hverjum.

Kristinn Erlendsson álítur nauðsynlegt fyrir okkur Strandar- og Skarðamenn, að stofna rjómabú, og telur því það til stuðnings að Borgsveitungar mundu verða með, ef rjómabú yrði ekki stofnað áður, á þeim stöðum, þar sem eins hægt væri til aðsóknar fyrir þá.

Ennfremur gjörir hann sér von um að Laxdælir mundu verða með ef fyrnefnd stofnun kæmist á við Hrakstíðná.

En það held eg komi aldrei til, því eg er viss um að Laxdælir mundu vilja hafa þess-konar stofnun hjá sér ef þeir álitu hana arðvænlega. Aptur á móti eru líkur til að Borgsveitungar yrðu með, ef menn geta almennt álitið stofnunina heppilega

---

* þess skal getið að eg var búinn að rita grein mína um sama efni framar í blaðinu, þegar mér barst þessi grein í hendur, sem hefði verið óþarft fyrir að þær ganga í líka átt. S. J.

Eg fyrir mitt leyti er alveg sömu skoðunar sem eg var, á fundinum á Fagranesi, þegar Björn hreppstjóri Jónsson, hreifði þessu máli fyrst; að valla muni borga sig fyrir okkur Reykstrendinga að færa frá þó eg ekki sýni hér reykningslega hvað fráfærur kosta. Það vita allir að þær hafa talsverða fyrirhöfn í för með sér, og svo mikla að mörgum af oss mundi verða ómögulegt að inna hana af hendi fyrir fólkleysi enda mun algengara að bændur sem frá færa líti frekar eptir því, þegar fráfærurnar eiga að fara fram, hvort vanti af ánum, og hvað mörgum þeir geti fært frá; heldur en þeir athugi hvort starfið sem þeir ætla að láta framkvæma sé hagfræðislegt eður ekki. Eg er einn af þeim sem segi að heppilegast sé að láta ganga með dilk og við munum valla eiga kost á að fá meiri afurðir af þessum fjár ám okkar á annan hátt. Þegar við lítum til sauðfjárræktarinnar, þá ríður okkur á að vanda uppeldið, og það gjörum við best, með því, að láta ganga með dilk, og fer svo vel með féð áfram; þá fáum við bæði kjarkmikið og heilsugott fé, og ef við hefðum svona duglegan fjárstofn, þá er meining mín, að við gætum fengið talsvert miklar afurðir af sauðfénu t.a.: 3½ pd af ull að jafnaði af ám og gemlingum, og dilkar ættu að gjöra 35 pd. af kjöti að meðaltali á haustin 7 pd gæru og 5 pd mör þetta eru talsvert miklar afurðir.

Eg er viss um að menn geta átt þá framtíð fyrir höndum, ef við með samtökum og góðum felagsskap, leggjum stund á að bæta sauðfjárstofn vorn, þar sem og dilkakjöt er að hækka í verði og ryðja sér til rúms fyrir öðru kjöti, þá lítur ekki út fyrir að heppilegt sé að tíðka fráfærur.

Hvað verð mun á smjöri viðvíkur, þá
vex mér hann ekkert í augum, því þó
það væru 10 til 15 aurar á pd; sem varla
mun reynast nema 10 aurar því flestir eða
allir geta keypt skilvindu, og það á hald
segi eg af eigin reynzlu sé bráðnauðsyn-
legt fyrir hvern búandi mann að eiga
því enginn vafi er á því að Skilvindusmjör
kemst hér í mjög hátt verð áður en mörg
ár líða, eins fá menn talsvert meira
smjör, og ef menn ekki geta með neinum
ráðum jafnað þann reikningshalla sem
verður á smjörmagninu og smjörverðshækkun
samanlagt, og Skilvinduverðinu, þá
fullyrði eg að þeir séu hreint ekki megn-
ugir þess að varpa á sig þungri lántöku
til rjómabússtofnunar.

Enda þótt eg geti vel hugsað, eptir því
sem verzlunarviðskipti breitast nú óðum
að margir megi neyðast til að taka peningalán
því ef kaupmenn hætta að lána nema til
haustkauptíðar, þá sé eg ekki hvernig litlar
búsafurðir duga til að legra þarfa hvers
eins, og jafnframt til að borga einhvern
part af gömlum skuldum.

Vér stöndum, að mínu áliti, á svo
alvarlegum tímamótum í verzlunarvið-
skiptum, að margur mun þurfa að líta
eptir skópvengjum sínum ep vel á að fara
Mér finnst því varla tilhugsandi fyrir
okkur að áforma stofnanir sem kosta
mikla peninga að svo stöddu; hitt er
meining mín sem fyr að smá framkvæmd-
ir sem við getum komið á með félags-
skap án mikils tilkostnaðar, séu betur
við efnalegt hæfi hvers eins, og mönnum
þannig gæti aukist afl í hendi, svo hugs-
andi væri til stærri áforma síðar.
Enda eg svo þessar línur, þó margt megi
fleira segja þessu máli viðvíkjandi.

Sigurfinnur Bjarnason

# Ýmislegt

Handhægasta og besta ráðið til að slökkva olíueld er að kasta einhverri tusku, fati, eða poka helst votu, yfir eldinn. Það bægir loptinu frá loganum svo hann slokknar. Að hella vatni á olíueld er til ills eins olían flýtur ofaná því og logar eptir sem áður og breiðist enn meir út. —

Það er vanrækt miklu fremur en skyldi að hafa tvöfalda glugga á hverju herberginu. Loptið milli ytri og innri gluggans geymist breytingarlítið; það er slæmur hitaleiðari og stemmir því stigu fyrir dreifing hitans í herberginu út í gegnum rúðurnar.
Önnur not eru þau að tvöfaldir gluggar héla langtum síður en einfaldir. Döggin úr loptinu inni í herberginu verður að vatni á köldum rúðunum í einföldum gluggum og frýs svo.

Þar sem gluggar eru tvöfaldir verður innri glugginn aldrei eins kaldur og sá ytri, og í loptinu milli gluggana er sagginn lítill.
Líkt fer þegar gluggatjöldum er hleypt niður; byrgist þá loptið inni milli tjaldanna og gluggans er heldur hitanum inni.
Betra er að bilið milli gluggana sé heldur meira en minna, þess minni hiti fer út um gluggann. —

Héraskinn; — með hárinu á — er einna verstur hitaleiðir, þar næst æðardún þá hrásilki, svo kindarull, þá kemur ótáin bómull, en tósilki er þessa bestur hitaleiðir, og þar af leiðandi lakast til skjóls og hlýinda af því sem hér er talið. — — — B.S.

Ráðning gátunnar í No 6:

Lýgi og sannleikur

# Viðkomustaðir

| | Komið apríl | Farið apríl |
|---|---|---|
| Ingveldarstaðir (ysti bær) | 3 | 5 |
| — — — mið bær | 3 | 3 |
| — — — syðsti bær | 5 | 9 |
| Hólkot | 9 | 9 |
| Daðastöðum | | |
| Hálakot | 9 | 11 |
| Fagranes | 11 | 13 |
| Steinn | 13 | |
| Meyjarland | 16 | 17 |
| Tindastaland | | |
| Skarð | | |
| Veðramót | | |
| Kálfardalur | | |